

Ytra mat grunnskóla

Víðistaðaskóli

Desember 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjörð.

Höfundar: Sigríður Sigurðardóttir og Björg Jónsdóttir.
Gunnhildur Harðardóttir tók þátt í vettvangsathugunum og mati á námi og kennslu.

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2402-6

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Stjórnun og fagleg forysta	4
Nám og kennsla	4
Innra mat	6
Skólabragur	6
Skólaprófill	8
Upplýsingar um Víðistaðaskóla	9
Niðurstöður	10
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirkni í stefnumótun	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða	10
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting	12
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	12
Þáttur 2 – Nám og kennsla	14
2.1 Inntak og námskrá	14
2.2 Árangur náms	14
2.3 Gæði kennslu	18
2.4 Skipulag náms	19
2.5 Námsvitund	19
2.6 Ábyrgð og þátttaka	20
Þáttur 3 – Innra mat	22
3.1 Skipulag	22
3.2 Framkvæmd	22
3.3 Umbætur	22
Þáttur 4 – Skólabragur	24
4.1 Stefna og viðhorf	24
4.2 Líðan nemenda	24
4.3 Nemendalýðræði	24
4.4 Verklagsreglur og áætlanir	25

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Víðistaðaskóla í Hafnarfirði sem fór fram á haustönn 2019. Teknir voru fyrir þrjár fyrirfram ákveðnir matsþættir, *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Skólinn og sveitarfélagið óskuðu eftir fjórða matsþættinum, skólabrag.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar:

- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum, rædd meðal allra starfsmanna og endurskoðuð reglulega.
- Stjórnendur leggja mikla áherslu á það jákvæða í skólastarfinu í daglegu tali og frétttaflutningi.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun og hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.
- Niðurstöður ytra mats er varða líðan og árangur nemenda eru nýttar til að efla skólastarfið.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss.
- Í rýnihópum kom fram ánægja með frístundaheimilin og félagsmiðstöðina sem skólinn rekur.
- Stjórnendur hafa skýra sýn á skólaþróun og hafa aðkomu að umbótaverkefnum.
- Ánægja er með stjórnun skólans í þeim könnunum sem lagðar eru fyrir starfsmenn og foreldra í Skólaláttunum.
- Samstarf stjórnenda er vel skipulagt, þeir funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta og starfsmönnum er hrósað þegar við á.
- Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Markvisst er unnið að geðheilbrigði starfsmanna.

Tækifæri til umbóta:

- Virkja foreldra við endurskoðun á skólareglum.
- Birta nánari skýringar á skertum dögum í skóladagatali.
- Skrá verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.
- Efla enn frekar samstarf við foreldra og finna, í samráði við þá, leiðir til að fá fram þeirra tillögur og hugmyndir til eflingar skólastarfs.
- Kjósa fulltrúa allra hagsmunahópa í skólaráð samkvæmt reglugerð.
- Skólaráð haldi minnst einn opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið á ári.
- Skoða skipulag forfallakennslu.
- Efla enn frekar markvisst mat stjórnenda á kennsluháttum.
- Bæta upplýsingaflæði vegna forfalla starfsmanna í samráði við þá.

Nám og kennsla

Styrkleikar:

- Í skólanámskrá er lögð áhersla á áherslur stjórnvalda með tilgreindum leiðum til að mæta þeim.

- Reglulega er fylgst með árangri og framförum nemanda og skráð í Mentor.
- Kennarar vinna með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda.
- Unnið er að breyttum kennsluháttum og er innleiðing teymiskennslu hluti af því verkefni.
- Á vettvangi sýndu kennarar almennt fagmennsku og góða bekkjarstjórn.
- Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- Árlega er söngleikur settur upp með nemendum 10. bekkjar og taka foreldra mikinn þátt í þeirri vinnu.
- Á starfsstöðinni í Engidal er markvisst samstarf við leikskólann Álfakot þar sem nemendur í 1. bekk og skólahópur leikskólans vinna reglulega saman.
- Niðurstöður í lestrarprófum eru kynntar og ræddar með nemendum.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendur eiga fulltrúa í ýmsum ráðum og nefndum, m.a. í umhverfisráði og matsteymi.
- Með lýðræðisþingum er leitað sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs.
- Val í unglingadeild er fjölbreytt og ánægja er með Víðistaðaskaupið.

Tækifæri til umbóta:

- Auka val nemenda til samræmis við kröfur aðalnámskrár.
- Gera grein fyrir í námsvísunum hvernig samþættingu list- og verkgreina við aðrar greinar á miðstigi er háttáð og tengja við hæfniviðmið aðalnámskrár.
- Gera betur grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum og námsvísunum og einnig tengslum markmiða kennslu við aðalnámskrá.
- Efla fjölbreytni í kennsluháttum og virkni nemenda, til dæmis með aukinni samvinnu og markvissum samræðum.
- Þjálfarar nemendur markvisst í fjölbreyttum námsaðferðum þar sem þeir eiga kost á því að velja námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna og viðmiðum um árangur.
- Nýta nám og námsaðstæður enn betur þannig að það styðji við sköpunarþörf nemenda og nýta námsumhverfið betur á fjölbreyttan hátt í kennslu.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi og virkja foreldra með í setningu einstaklingsbundinna námsmarkmiða.
- Nýta betur áhugasvið og hæfileika nemenda í kennslu og hafa þau sýnileg í verkefnum.
- Nýta upplýsinga- og samskiptatækni enn betur í námi og kennslu í samræmi við stefnu skólans.
- Efla fjölbreytt námsmat og tengja það betur markmiðum náms og hæfniviðmiða.
- Kynna aðkomu nemenda í ráðum og nefndum betur fyrir öðrum nemendum og gera upplýsingar um ákvarðanir þeirra öllum aðgengilegar.
- Skoða hvort þörf sé á meiri sveigjanleika í stundatöflum varandi teymiskennsluna.
- Skoða þörf á aukinni stoðþjónustu, þar með talið þjónustu þroskaþjálfara.
- Skoða hvort efla þurfi kynfræðslu á unglingastigi.

Innra mat

Styrkleikar:

- Fjallað er um innra mat, leiðir og niðurstöður í sérstökum kafla í starfsáætlun.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.
- Við skólann starfar matsteymi þar sem fulltrúar allra hagsmunahópa eiga sæti.
- Við gagnaöflun er leitað sjónarmiða allra hagsmunaaðila.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra mati.
- Fjallað er um stöðu umbótaverkefna í matskafla í starfsáætlun.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta:

- Vinna heildstæða matsáætlun til lengri tíma þar sem matsþættir eru settir fram og tilgreint er hvenær þeir eru metnir nokkur ár fram í tímann.
- Vinna matsáætlun fyrir skólaárið þar sem fram kemur hvaða þætti á að meta og hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig meta eigi, hvenær og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni.
- Velja matsþætti með skýrum hætti út frá stefnu og markmiðum skólans þannig að metið sé hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem sett eru.
- Kynna niðurstöður úr Skólapúlsi fyrir nemendum.
- Æskilegt væri að vinna sérstaka greinargerð um helstu niðurstöður innra mats og birta á heimasíðu.
- Taka saman helstu styrkleika og tækifæri út frá matsniðurstöðum og fjalla um hvernig gengið hefur að vinna að markmiðum skólans.
- Gera umbótaáætlun þar sem unnið er áfram með þá þætti sem ekki stóðust sett viðmið. Í áætluninni þarf að setja fram markmið, umbótaáætlingar, tímasetningar, ábyrgðaraðila og hvernig metið verður hvernig til tekst með umbætur.

Skólabragur

Styrkleikar:

- Skólabragurinn einkennist af jákvæðni, samvinnu, skuldbindingu og ábyrgð allra í skólasamfélaginu.
- Unnið er skipulega með gildi skólans.
- Í skólanum ríkir sameiginlegur skilningu á grunngildum og hvernig þeim er fylgt eftir.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir stefnu um jákvæðan skólabrag ásamt innleiðingu og leiðum til að viðhalda honum.
- Stjórnendur hafa forystu um aðgerðir til að viðhalda jákvæðum skólabrag.
- Samskipti milli starfsfólks, nemenda og foreldra einkennast almennt af virðingu og gagnkvæmu trausti.
- Reglulegt samráð er haft um hegðun, líðan og samskipti nemenda, til dæmis með foreldrafundum.
- Reglulega er lagt mat á líðan og samskipti nemenda í skólanum.
- Mikill meirihluti þátttakenda í foreldrakönnun eru sammála því að barninu sínu líði vel í skólanum, það njóti sanngirni og virðingar og finnst það öruggt.

- Skólinn tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks.
- Á vettvangi sást að nemendur hafa almennt vinnufrið í kennslustundum.
- Áætlun gegn einelti hefur verið gerð sem samræmir forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum.
- Unnið er eftir verkferlum um viðbrögð við brotum á reglum skólans.
- Í eineltisáætlun er markvisst ferli varðandi stuðning við nemendur sem verða fyrir ofbeldi.
- Skólareglur eru sýnilegar á veggjum skólans og á heimasíðunni, í þeim er útskýrt hvernig skólinn bregst við brotum á skólareglum.
- Sérstakt slökunarherbergi er í skólanum sem bæði nemendur og starfsmenn hafa aðgang að.

Tækifæri til umbóta:

- Móta heildstæða stefnu um jákvæðan skólabrag fyrir starfsfólk á sama hátt og gert hefur verið fyrir nemendur.
- Bæta í skólanámskrá hvernig unnið er með skipulögðum hætti að því að efla tilfinningaþroska, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda og tengja það inn í lífsleiknina með kennsluáætlunum og markvissri kennslu í öllum árgöngum.
- Tryggja að lýðræði endurspeglar í kennsluháttum og virkni nemenda t.d. með aukinni áherslu á samræðu, samvinnu, val um verkefni og því að nemendur setji sér markmið.
- Æskilegt væri að hafa nemendasamtöl og fasta bekkjarfund til hvatningar og endurgjafar fyrir nemendur.
- Flétta þarf forvarnaráætlun skólans inn í skólastarfið með áætlunum um hvað taka eigi fyrir.
- Tryggja gerendum í eineltismálum viðeigandi stuðning og móta markvisst ferli fyrir það.
- Gæta þarf að því að viðurlög við skólareglum séu í samræmi við ákvæði í reglugerð, ýti undir bættu hegðun og styrki sjálfsmynd nemenda.
- Skoða hvort skipulag skólalóðar hvetji nemendur til hreyfingar og hvort auka þurfi úrval leiktækja.
- Setja fram upplýsingar á heimasíðu um lausnateymi og þá verkferla sem farið er eftir.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	Grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	Gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	Rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Víðistaðaskóla

Víðistaðaskóli er í Hafnarfirði og er rekinn á tveimur starfsstöðvum, í Engidal og við Hrauntungu. Skólinn var stofnaður 16. september 1970 og verður 50 ára á næsta ári. Árið 2010 var Engidalsskóli sameinaður Víðistaðaskóla og þar eru nemendur í 1.–5. bekk á þessu skólaári en í 1.–10. bekk í Víðistaðaskóla við Hrauntungu.

Leiðarsljós skólans eru *ábyrgð – virðing – vinátta*.

Í skólanum eru 727 nemendur á haustönn 2019. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	62	58	71	83	81	90	86	73	63	60
Fjöldi bekkjardeilda	4	3	4	4	3	4	3	3	3	3
Samkennsluhópar, ef við á.										

Fjöldi nemenda af erlendum uppruna er 97 og nemendur sem stunda nám á öðru skólastigi eru þrír.

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál	7	6	11	14	8	11	7	0	6	5
Einstaklingsnámskrá	10	8	9	15	12	18	13	11	9	7
Sérkennsla og aðlagð námsefni	10	8	9	15	12	18	13	11	9	7

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0	0	0	0	2	3	4

Við skólann starfa 118 starfsmenn. Stjórnendur eru 11, skólastjóri og tveir aðstoðarskólastjórar á sitthvorri starfsstöðinni, tveir deildarstjórar á yngsta stigi í 50% stjórnunarhlutfalli, einn á miðstigi í 75% stjórnunarhlutfalli og einn á elsta stigi í 75% stjórnunarhlutfalli. Auk þeirra er deildarstjóri stoðþjónustu í 50% starfshlutfalli, tveir deildarstjórar UT verkefna annar af þeim í 50% stjórnunarhlutfalli og einn deildarstjóri yfir öllu tólmundastarfi. Kennarar eru samtals 70 og þar af eru 17 leiðbeinendur en tíu þeirra stunda nám til kennsluréttinda á grunnskólastigi. Aðrir leiðbeinendur eru með framhaldsskóla- eða leikskólaréttindi eða aðra háskólamenntun. Við skólann starfa tveir námsráðgjafar, sex sérkennarar og tveir þroskaþjálfar í 1,75% stöðugildi.

Skólastjóri ber ábyrgð á öllu tólmundastarfi en við báðar starfsstöðvar eru frístundaheimili og einnig er starfrækt félagsmiðstöð við skólann.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólustefnu sveitarfélags og skólanámskrá. Stefnu skólans eru gerð skil í skólanámskrá og starfsáætlun á heimasíðu. Skólanámskrá og starfsáætlun eru unnar samkvæmt ákveðnu verklagi sveitarfélags og standast viðmið aðalnámskrár.

Í Víðistaðaskóla er unnið eftir gildunum *ábyrgð*, *virðing* og *vinátta* og á vettvangi var greinilegt að unnið er markvisst með þau. Stefna skólans var sýnileg á vettvangi og þátttakendur í rýnihópum kennara og starfsmanna sögðu hana meðal annars rædda á starfsmannafundum. Nemendur í rýnihópi könnuðust einnig við að stefnan væri rædd og nefndu að það væri til dæmis gert í lífsleiknitímum. Stefnan er endurskoðuð reglulega með það að markmiði að efla starf skólans. Nemendur fjalla um stefnuna á lýðræðisþingum og nemendur og foreldrar hafa aðkomu að stefnumótun í skólaráði.

Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að stjórnendur leggja í daglegu tali og fréttaflutningi mikla áherslu á það jákvæða í skólastarfinu. Þátttakendur í rýnihópi kennara sögðu skólastjóra stoltan af skólanum og eins og einn þátttakandi orðaði það „allt væri mjög jákvætt og í léttum dúr.“ Nemendur í rýnihópi sögðu að sagt væri frá jákvæðum hlutum á heimasíðu.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur vinna markvisst að því að innleiða lærdómsmenningu í skólasamfélaginu, þeir hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf og skapa svigrúm til starfsþróunar. Í vetur hófst formlega innleiðing á teymiskennslu í skólanum en tilraunir með slíka kennslu voru hafnar á yngsta stigi á báðum starfsstöðvum en eru lengra komnar í minni starfsstöðinni í Engidal.

Fagleg samræða fer að mestu fram á reglulegum fundum, svo sem teymisfundum, fagfundum og á deildarfundum stiga. Niðurstöður ytra gæðamats er varða árangur, framfarir og líðan nemenda eru nýttar til að efla skólastarfið. Stjórnendur sjá um að niðurstöður séu skráðar og aðgengilegar og að sögn kennara í rýnihópi fá þeir ráðgjöf og stuðning við að nýta gögnin.

Þátttakendur í rýnihópum kennara og starfsmanna töldu lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum. Nemendur í rýnihópi voru sama sinnis og nefndu lýðræðisþingin sem dæmi.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið og vinna markvisst að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu.

Skólaráð fundar reglulega, hefur sett sér starfsreglur og starfsáætlun fyrir ráðið er unnin árlega. Þátttakendur í rýnihópi skólaráðs könnuðust ekki við að hafa verið kosnir til starfa í ráðinu heldur hafi verið leitað til þeirra eða þeir tilnefndir. Skólaráð hefur ekki haldið opinn fund fyrir skólasamfélagið

undanfarin tvö ár eins og mælst er til í reglugerð.¹ Foreldrafélagið er virkt og í viðtölum og rýnihópum kom fram ánægja með störf þess, bæði stjórnarinnar og bekkjarfulltrúa.

Í tengslum við ytra matið var send út könnun til allra foreldra. Svörun í könnuninni var 39%. Rúm 30% þátttakenda voru ósammála því að skólinn leiti eftir tillögum og hugmyndum foreldra og 38% svara hvorki né. Foreldrar voru spurðir hvernig skólinn gæti leitað eftir sýn og hugmyndum þeirra um skólastarfið. Það sem oftast var nefnt voru fundir og þing, kannanir, tillögukerfi eða rafræn hugmyndabox á vefsíðu og rýnihópar. Að sögn stjórnenda hefur að undanfögnu verið unnið að því að efla foreldrasamstarfið. Til stendur að boða foreldra á lýðræðisþing á vorönn þar sem ræða á stefnu skólans.

Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss, meðal annars fara nemendur í reglulegar heimsóknir á Hrafnistu í Hafnarfirði þar sem meðal annars er leikið og lesið fyrir heimilisfólkið.

Hjá foreldrum kom fram ánægja með frístundaheimilin og félagsmiðstöðina við skólann. Í foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2019 er meðaltal spurninga þar sem spurt var um ánægju með tómsundapjónustu marktækt hærra en meðaltal þáttökuskóla.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Stjórnendur hafa skýra sýn er varðar skólaþróun, eiga aðkomu að umbótaverkefnum og sjá til þess að starfsmenn fái ráðgjöf og stuðning við þróunarvinnu.

Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta og umbótaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár er í starfsáætlun. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mælinga um árangur skólastarfsins en skráð ferli um hvernig upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila liggur ekki fyrir.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn kennsludagafjölda sem og vikulegan heildarkennslustundafjölda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Skertir dagar eru merktir með ákveðnum lit á skóladagatali en erfitt er að átta sig á hvernig þeir skiptast eftir árgöngum eða stigum.

Reglulega eru kannanir Skólapúlsins lagðar fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra. Mikill meirihluti foreldra sem þátt tóku í foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2019, eða 98%, telja skólanum vel stjórnað og er það marktækt hærra en landsmeðaltal. Í foreldrakönnun í tengslum við ytra matið voru 78% þátttakenda mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að skólanum væri vel stjórnað og 17% svöruðu hvorki né. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins frá 2019 er starfsandi marktækt hærri í Víðistaðaskóla en meðaltal þáttökuskóla og sömu sögu má segja þegar spurt var um sanngjarna forystu og ræktun mannauðs. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála eru skýr og virk.

Unnið er eftir SMT kerfinu í grunnskólum Hafnarfjarðar og sérstakt teymi heldur utan um kerfið í skólanum. Nemendur á mið- og elsta stigi koma að endurskoðun skólareglna í gegnum árleg lýðræðisþing. Foreldrar könnuðust ekki við að hafa komið að endurskoðun skólareglna.

¹ „Skólaráð skal setja sér starfsáætlun til eins skólaárs í senn, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og undirbúning. Skólastjóri boðar reglulega til funda. Skólaráð skal að lágmarki halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins.“ Reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2002. Kafli 4.

Skólastjórnendur vinna með sveitarfélagi að því að skapa heilbriggt og öruggt umhverfi í skólanum. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Stjórnendur funda reglulega og skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra nýtist skólastarfinu sem best. Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári fyrir alla starfsmenn. Í rýnihópum kom fram að starfsmönnum er hrósað fyrir vel unnin störf og að stjórnendur eru vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála.

Í rýnihópi stjórnenda kom fram að markvisst er fylgst með námi og kennslu og kennurum veitt endurgjöf. Skólastjóri sagði í viðtali að það væri eitthvað sem stjórnendur vildu gera enn meira af. Kennarar í rýnihópi þekktu stjórnendamatið og voru ánægðir með það en töldu það takmarkað og ekki höfðu allir í hópnum fengið slíkt mat.

Í rýnihópi kennara kom fram óánægja með skipulag forfallakennslu eftir að teymiskennslan hófst í haust. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að bæta mætti upplýsingaflæði vegna forfalla starfsmanna.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni stjórnenda og annarra í skólanum. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Verkefni og ábyrgðaraðilar þeirra eru skráð og birt.

Hvatt er til heilsueflingar á ýmsan hátt og unnið hefur verið að þróunarverkefninu Heilsueflandi grunnskóli. Undanfarið hefur verið lögð sérstök áhersla á geðheilbrigði starfsmanna, með verkefninu Geðheilbriggt starfsfólk, og sem dæmi má nefna að þegar matið fór fram var stór hluti starfsmanna á núvitundarnámskeiði.

Styrkleikar:

- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum, rædd meðal allra starfsmanna og endurskoðuð reglulega.
- Stjórnendur leggja mikla áherslu á það jákvæða í skólastarfinu í daglegu tali og fréttaflutningi.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun og hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.
- Niðurstöður ytra mats er varða líðan og árangur nemenda eru nýttar til að efla skólastarfið.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss.
- Í rýnihópum kom fram ánægja með frístundaheimilin og félagsmiðstöðina sem skólinn rekur.
- Stjórnendur hafa skýra sýn á skólaþróun og hafa aðkomu að umbótaverkefnum.
- Ánægja er með stjórnun skólans í þeim könnunum sem lagðar eru fyrir starfsmenn og foreldra í Skólapúlsinum.
- Samstarf stjórnenda er vel skipulagt, þeir funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta og starfsmönnum er hrósað þegar við á.
- Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Markvisst er unnið að geðheilbrigði starfsmanna.

Tækifæri til umbóta:

- Virkja foreldra við endurskoðun á skólareglum.
- Birta nánari skýringar á skertum dögum í skóladagatali.
- Skrá verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.
- Efla enn frekar samstarf við foreldra og finna, í samráði við þá, leiðir til að fá fram þeirra tillögur og hugmyndir til eflingar skólastarfs.
- Kjósa fulltrúa allra hagsmunahópa í skólaráð samkvæmt reglugerð.
- Skólaráð haldi minnst einn opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið á ári.
- Skoða skipulag forfallakennslu.
- Efla enn frekar markvisst mat stjórnenda á kennsluháttum.
- Bæta upplýsingaflæði vegna forfalla starfsmanna í samráði við þá.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólanámskrá endurspeglar áherslur stjórnvalda með tilgreindum leiðum til að mæta þeim. Virðing er borin fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda. Í skólanámskrá er grunnþáttum menntunar og lykilhæfni gerð skil ásamt stigvaxandi kröfum með samfelli í námi nemenda. Námsvísar og kennsluáætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans en í þeim kemur ekki fram hvernig námsaðlögun er háttað.

Áætlun um sérstakan stuðning er í starfsáætluninni og stuðningurinn tekur tillit til allra þátta skólastarfsins. Skólinn með tvö námsver, annars vegar fyrir nám, hegðun og líðan og hins vegar Veröld fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku. Í vettvangsathugunum sást að teymiskennslan er nýtt til að koma betur til móts við þarfir nemenda. Í rýnihópi kennara kom fram að verið væri að prófa að hafa stuðninginn í litlum hópum en að lítil reynsla væri þó komin á það. Þar kom einnig fram að kennarar óska eftir meiri stoðþjónustu og fleiri þroskaþjálfum til þess að hægt verði að koma betur til móts við þarfir allra nemenda.

Grunnþættir menntunar voru sjáanlegir á vettvangi og fram kom hjá skólastjóra að lögð væri áhersla á þessa þætti. Nemenda í rýnihópum óskuðu eftir meiri kynfræðslu en í kennsluáætlun í náttúrufræði kemur fram að kynfræðsla er kennd í 9. bekk.

2.2. Árangur náms


Reglulega er fylgst með árangri nemenda og unnið úr niðurstöðum. Niðurstöður er einnig nýttar til að auka framfarir, til dæmis með hópaskiptingu í teymiskennslunni. Námsmat er jafnframt skráð í Mentor.

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.


Árangur nemenda í Víðistaðaskóla í samræmdum prófum má sjá hér að neðan.

Í 4. bekk hefur árangur í íslensku verið við landsmeðaltal undanfarin ár. Árangur í stærðfræði hefur verið við meðaltalið undanfarin tvö ár en mælist nú aðeins undir. (sjá mynd 1).



Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk í samræmdum könnunarprófum.


Í 7. bekk hefur árangur nemenda í íslensku og stærðfræði verið við landsmeðaltal undanfarin ár. (sjá mynd 2).



Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk í samræmdum könnunarprófum.


Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk í stað 10. bekkjar og verður svo í framtíðinni. Í 9. bekk hefur árangurinn í íslensku og stærðfræði verið rétt undir landsmeðaltali undanfarin ár og mælist nú einnig undir meðaltali í ensku. Árangur í stærðfræði hefur heldur dalað.

(sjá mynd 3).




Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk í samræmdum könnunarprófum.

Síðustu árin sem samræmd könnunarpróf voru haldin í 10. bekk var árangur um eða rétt yfir landsmeðaltali (sjá mynd 4).



Mynd 4. Árangur nemenda í 10. bekk í samræmdum könnunarprófum.



Árangur árganga



Þegar árangri árganga í íslensku er fylgt eftir sést að hann helst nokkuð stöðugur milli 4., 7. og 9. bekkjar, utan árgang 2007 þar sem árangur eflist mikið milli prófa í 4. og 7. bekk. Árangurinn í stærðfræði eykst alltaf milli 4. og 7. bekkjar en heldur sér eða dalar milli 7. og 9. bekkjar.

Lesferill

Fyrirlögn maí 2019, Viðistaðaskóli




Árangur í Lesfimi, sem mælir leshraða og nákvæmni, fylgir í flestum árgöngum landsmeðaltali á mælingu í maí 2019. Árangur í 6. og 9. bekk síðasta vor er aðeins yfir landsmeðaltali.

2.3 Gæði kennslu

Matsmenn fóru í 52 kennslustundir hjá öllum bekkjum og í fjölbreyttum námsgreinum. Í vettvangsathugunum sást að unnið er að breyttum kennsluháttum og er teymiskennslan liður í því. Í rýnihópum kom fram að starfsstöðin í Engidal væri komin lengra með innleiðingu teymiskennslunnar enda færri nemendur þar og einfaldara að innleiða breytingar. Í rýnihópi kennara kom fram að kennsluhættir væru fjölbreyttir og voru þættir eins og útikennsla, spjaldtölvur og hringekjur nefndir í því sambandi. Þar kom einnig fram að teymiskennslan væri rétt að byrja og mögulega þyrfti að gefa meira svigrúm í stundatöflu fyrir þá vinnu.

Matsmenn mátu flestar kennslustundirnar góðar en í 13 stundum voru nokkrir mikilvægir þættir sem hefði þurft að bæta, til dæmis að efla fjölbreytni í kennsluháttum og auka virkni nemenda. Góður vinnufriður var áberandi í vettvangsathugunum. Kennarar sýndu almennt fagmennsku og góða bekkjarstjórn en gerðu nemendum sínum sjaldan grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna. Kennslustundirnar voru yfirleitt vel skipulagðar og í flestum tilfellum var tími nemenda vel nýttur.

Kennsluathafnir voru skoðaðar á vettvangi og af 52 kennslustundum voru 84% fræðandi, þar sem kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni og nemendur svara eða vinna í vinnubækur. Í leiðbeinandi kennsluathöfnum er áherslan á frumkvæði og ábyrgð nemandans og 6% kennslustundanna voru flokkaðar þannig.




Í rýnihópum kennara og nemenda kom fram að námsmat mætti vera fjölbreyttara en það hefði þó breyst mikið undanfarin ár til hins betra. Í kennsluáætlunum kemur ekki fram hvernig námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum. Þar kemur heldur ekki fram hvernig kennslan tekur mið af stöðu nemenda né hvernig námsaðlögun er háttað.

Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem þess þurfa og þar kemur fram í hverju stuðningurinn er fólgin. Í rýnihópi kennara kom fram að reynt væri að koma til móts við bráðgera nemendur.

2.4 Skipulag náms

Kennarar vinna saman að skipulagi náms og kennslu meðal annars með teymiskennslu. Umsjónarkennarar fylgjast markvisst með framförum og líðan nemenda og upplýsa foreldra. Á vettvangi sást að aðbúnaður nemenda er góður, kennslustofur vel búnar kennslugögnum og útlit þeirra samræmt. Í vettvangsathugunum var ekki mikið um að nemendur nýttu námsumhverfi sitt á fjölbreyttan hátt en umhverfið býður upp á möguleika fyrir fjölbreytt skólastarf. Í vettvangsathugunum sást að nemendur unnu mest einir eða í 67% kennslustunda, samvinna nemenda var í 14% kennslustunda og blanda af þessu tvennu í 19% stundanna.



Bókasöfn og tölvuver eru á báðum starfsstöðvum og allir nemendur frá 5. bekk fá eigin spjaldtölvu til afnota. Upplýsingatæknin er því eðlilegur hluti af náms- og kennsluumhverfinu hjá eldri nemendum. Í vettvangsathugunum sást nemendur nýta upplýsingatæknina í 21% af kennslustundunum en kennarar í 27% stundanna.

Námsgögn eru fjölbreytt og aðgengileg fyrir nemendur og nám og námsaðstæður eru að hluta til nýttar til að styðja við sköpunarþörf nemenda en starfsstöðin í Engidal er lengra komin í þessari vinnu. Á vettvangi sást umræður og skoðanaskipti lítið sem hluti af námi og kennslu. Samþætt og heildstæð verkefni eru unnin reglulega innan skólans samkvæmt rýnihópum og sást það á vettvangi í starfstöðinni í Engidal með samvinnu við leikskólann og einnig var mikið fjallað um söngleik skólans sem 10. bekkur sér um á hverju ári þar sem foreldrar taka virkan þátt í undirbúningi. Í rýnihópi kennara kom fram að samþætting verkefna væri meiri á yngri stigi og að meira mætti gera af slíkum verkefnum með eldri nemendum.

Fram kemur í námsvísunum og hjá skólastjóra að list- og verkgreinar eru samþættar að hluta inn í aðra tíma á miðstigi en ekki er skýrt í öllum námsvísunum hvernig það er gert eða tengt við hæfniviðmið aðalnámskrár í list- og verkgreinum.

2.5 Námsvitund

Í vettvangsathugunum kom fram að nemendur Víðistaðaskóla sýndu námi sínu yfirleitt áhuga en virkni þeirra var mismikil. Námið tekur mið af námskrá en áhugasvið nemenda virtist ekki stór hluti af náminu.

Í rýnihópi kennara og nemenda kom fram að nemendur setja sér ekki markmið og fá ekki sérstaka þjálfun til þess. Nemendur í rýnihópum könnuðust þó við að talað væri um markmið og sérstaklega í tengslum við lestur. Í vettvangsathugunum voru markmið og viðmið um árangur sjaldan rædd við nemendur. Í rýnihópi kennara kom fram að námsmat mætti vera fjölbreyttara og að sjálfsmat væri helst notað í sambandi við líðan nemenda. Nemendur í rýnihópum nefndu nokkrar tegundir af prófum þegar rætt var um námsmat. Í rýnihópi stjórnenda kom fram að árangur í lestri er ræddur við nemendur og það hafi tekist mjög vel og virkað hvetjandi.

Á vettvangi sáust dæmi um að nemendur nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar en almennt var þó lítil fjölbreytni sjáanleg í námsaðferðum og lítið virtist vera um að nemendur velji sér námsaðferðir eftir viðfangsefnum eða námsstíl.

Val á unglíngastigi er fjölbreytt en nemendur eiga kost á vali í um 12% námstímans sem er undir viðmiði aðalnámskrár um val í um fimmtungi námstímans. Nemendur í 10. bekk hafa einnig val um verkefni innan sviðslista þar sem söngleikur er settur upp. Í rýnihópi nemenda kom fram ánægja með Víðistaðaskaupið, sem er valfag, en hjá foreldrum kom fram ósk um að allir nemendur 10. bekkjar hefðu einhverja aðkomu að því.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Skólasamfélagið í Víðistaðaskóla einkennist af jákvæðni og virðingu. Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda í gegnum lýðræðisþing sem hafa verið haldin fyrir nemendur á unglíngastigi undanfarin ár. Margt hefur komið fram þar sem hægt hefur verið að bregðast við eins og að bjóða upp á graut á morgnana og að húfur væru leyfðar í skólanum. Einnig hefur lýðræðisþingi verið bætt við á miðstigi og stendur til að bjóða foreldrum á slíkt þing. Skólinn nýtir Skólapúlsinn til að kanna viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks.

Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði, umhverfisráði og matsteymi en í rýnihópi nemenda kom fram að nemendur fengju ekki sérstaka þjálfun í þau verkefni fyrir utan þátttökuna. Í rýnihópi nemenda könnuðust margir ekki við þessar nefndir og virtust ekki vel upplýstir um skólaráð, nemendafélag og aðrar nefndir og ákvarðanir á þeirra vegum. Nemendafélag er starfrækt við skólann en einungis nemendur á unglíngastigi starfa í því.

Styrkleikar:

- Í skólanámskrá er lögð áhersla á áherslur stjórnvalda með tilgreindum leiðum til að mæta þeim.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum nemanda og skráð í Mentor.
- Kennarar vinna með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda.
- Unnið er að breyttum kennsluháttum og er innleiðing teymiskennslu hluti af því verkefni.
- Á vettvangi sýndu kennarar almennt fagmennsku og góða bekkjarstjórn.
- Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- Árlega er söngleikur settur upp með nemendum 10. bekkjar og taka foreldra mikinn þátt í þeirri vinnu.
- Á starfsstöðinni í Engidal er markvisst samstarf við leikskólann Álfakot þar sem nemendur í 1. bekk og skólahópur leikskólans vinna reglulega saman.
- Niðurstöður í lestrarprófum eru kynntar og ræddar með nemendum.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendur eiga fulltrúa í ýmsum ráðum og nefndum, m.a. í umhverfisráði og matsteymi.

- Með lýðræðisþingum er leitað sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs.
- Val í unglingadeild er fjölbreytt og ánægja er með Víðistaðaskaupið.

Tækifæri til umbóta:

- Auka val nemenda til samræmis við kröfur aðalnámskrár.
- Gera grein fyrir í námsvísunum hvernig samþættingu list- og verkgreina við aðrar greinar á miðstigi er háttáð og tengja við hæfniviðmið aðalnámskrár.
- Gera betur grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum og námsvísunum og einnig tengslum markmiða kennslu við aðalnámskrá.
- Efla fjölbreytni í kennsluháttum og virkni nemenda, til dæmis með aukinni samvinnu og markvissum samræðum.
- Þjálfarar nemendur markvisst í fjölbreyttum námsaðferðum þar sem þeir eiga kost á því að velja námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna og viðmiðum um árangur.
- Nýta nám og námsaðstæður enn betur þannig að það styðji við sköpunarþörf nemenda og nýta námsumhverfið betur á fjölbreyttan hátt í kennslu.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi og virkja foreldra með í setningu einstaklingsbundinna námsmarkmiða.
- Nýta betur áhugasvið og hæfileika nemenda í kennslu og hafa þau sýnileg í verkefnum.
- Nýta upplýsinga- og samskiptatækni enn betur í námi og kennslu í samræmi við stefnu skólans.
- Efla fjölbreytt námsmat og tengja það betur markmiðum náms og hæfniviðmiða.
- Kynna aðkomu nemenda í ráðum og nefndum betur fyrir öðrum nemendum og gera upplýsingar um ákvarðanir þeirra öllum aðgengilegar.
- Skoða hvort þörf sé á meiri sveigjanleika í stundatöflum varandi teymiskennsluna.
- Skoða þörf á aukinni stoðþjónustu, þar með talið þjónustu þroskaþjálfara.
- Skoða hvort efla þurfi kynfræðslu á unglingastigi.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Fjallað er um innra mat skólans í starfsáætlun og þar eru helstu niðurstöður settar fram ásamt símenntunar- og umbótaáætlunum samkvæmt ákveðnu verklagi frá sveitarfélagi. Kaflinn í starfsáætlun er ekki mjög aðgengilegur, þar eru ýmsar almennar upplýsingar um ytra og innra mat skóla sem gerir hann langan.

Í starfsáætlun er verkáætlun fyrir innra mat þar sem fram kemur hvenær fastir þættir í innra matinu ásamt ytra mati sveitarfélags eru framkvæmdir og hver ber ábyrgð þar á. Einnig liggur fyrir verkáætlun um mat á lestri og líðan. Val matsþátta í innra mati byggir að einhverju leyti á stefnu skólans en stýrist þó að mestu leyti af könnunum Skólapúlsins. Unnin hafa verið viðmið um árangur tengt þeim könnunum og samræmdum prófum.

3.2 Framkvæmd

Teymi með fulltrúum allra hagsmunahópa hefur umsjón með innra mati en framkvæmd mats er á ábyrgð skólastjóra. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati sveitarfélags í sínu innra mati og einnig eru niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum settar fram í matskafla í starfsáætlun.

Innra mat skólans byggir að mestu leyti á könnunum Skólapúlsins sem lagðar eru reglulega fyrir helstu hagsmunahópa. Fram kom hjá skólastjóra að einnig er stuðst við upplýsingar úr starfsmannasamtölum og foreldrasamtölum en afar takmarkað er fjallað um þær niðurstöður í matskafla. Lítið er fjallað um mat á námi og kennslu en í viðtölum og rýnihópum kom fram að stjórnendur meta að einhverju marki nám og kennslu með vettvangsathugunum.

3.3 Umbætur

Í matskafla í starfsáætlun er meðal annars farið yfir þau umbótaverkefni sem eru í gangi og stöðu þeirra. Þegar farið er yfir stöðu verkefnisins og hvernig til hefur tekist er þó aðeins fjallað um það almennt en ekki vísað til gagna.

Niðurstöður kannana Skólapúlsins eru settar fram í matskaflanum svo og niðurstöður úr samræmdum prófum og læsisskimunum ásamt þeim viðmiðum sem skólinn hefur ásett sér að ná. Niðurstöður eru kynntar starfsmönnum og foreldrum en nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við að hafa fengið kynningu á niðurstöðum. Niðurstöður eru ekki teknar saman í styrkleika eða helstu tækifæri til umbóta út frá þessum viðmiðum og það er því erfitt að átta sig á hvernig niðurstöðurnar tengjast þeim umbótaverkefnum sem sett eru fram í síðasta hluta matskaflans.

Styrkleikar:

- Fjallað er um innra mat, leiðir og niðurstöður í sérstökum kafla í starfsáætlun.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.
- Við skólann starfar matsteymi þar sem fulltrúar allra hagsmunahópa eiga sæti.
- Við gagnaöflun er leitað sjónarmiða allra hagsmunaaðila.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra mati.
- Fjallað er um stöðu umbótaverkefna í matskafla í starfsáætlun.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta:

- Vinna heildstæða matsáætlun til lengri tíma þar sem matsþættir eru settir fram og tilgreint er hvenær þeir eru metnir nokkur ár fram í tímann.
- Vinna matsáætlun fyrir skólaárið þar sem fram kemur hvaða þætti á að meta og hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig meta eigi, hvenær og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni.
- Velja matsþætti með skýrum hætti út frá stefnu og markmiðum skólans þannig að metið sé hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem sett eru.
- Kynna niðurstöður úr Skólapúlsi fyrir nemendum.
- Æskilegt væri að vinna sérstaka greinargerð um helstu niðurstöður innra mats og birta á heimasíðu.
- Taka saman helstu styrkleika og tækifæri út frá matsniðurstöðum og fjalla um hvernig gengið hefur að vinna að markmiðum skólans.
- Gera umbótaáætlun þar sem unnið er áfram með þá þætti sem ekki stóðust sett viðmið. Í áætluninni þarf að setja fram markmið, umbótaáætlingar, tímasetningar, ábyrgðaraðila og hvernig metið verður hvernig til tekst með umbætur.

Þáttur 4 – Skólabragur

Fjórði matsþátturinn er val sveitarfélags og skóla og í Víðistaðaskóla var óskað eftir að fá mat á skólabrag. Til að meta hann var stuðst við viðmið sem Reykjavíkurborg og Menntamálastofnun unnu saman. Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þáttinn hafa ekki farið til umsagnar eða verið endurskoðuð líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið og því er fjórði þátturinn ekki tekinn inn í prófílmmynd skólans.

4.1 Stefna og viðhorf

Í Víðistaðaskóla endurspeglast stefna skólans um jákvæðan skólabrag í skólastarfinu og sýnilegt var á vettvangi að skipulega er unnið með gildi skólans, sem eru *ábyrgð*, *virðing* og *vinátta*. Gildin eru áberandi á veggjum, bæði á göngum og í kennslustofum og víða mátti sjá veggspjöld með útfærslu á gildunum út frá skólareglum. Í rýnihópum kom fram að sameiginlegur skilningur er á grunngildunum og að þeim er fylgt markvisst eftir. Skólinn hefur mótað heildstæða stefnu um jákvæðan skólabrag gagnvart nemendum en ekki gagnvart starfsfólki skólans. Stjórnendur eru virkir að viðhalda jákvæðum skólabrag og í starfsstöðinni á Víðistaðatúni höfðu þeir nýlega útbúið hvíldarherbergi fyrir bæði nemendur og starfsfólk og aðstaða starfsmanna á báðum kaffistofum hefur markvisst verið bætt. Í rýnihópum kom fram að samskipti innan skólasamfélagsins einkennast almennt af gagnkvæmri virðingu og jákvæðni.

Í skólanámskrá kemur fram að áhersla sé lögð á jákvæðan skólabrag með nemendum, leiðir eru tilgreindar og hvernig eigi að viðhalda honum. Í faggreinahluta skólanámskrár er fjallað um lífsleikni þar sem áhersla er lögð á SMT reglur og viðfangsefni líðandi stundar. Ekki er þó gerð grein fyrir hvaða kennsluáferðir eru notaðar til að efla samkennd og auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra. Lífsleikni er á stundatöflu á unglingsstigi og eldri nemendur í rýnihópi könnuðust við lífsleiknitíma en engar upplýsingar um lífsleiknikennslu fundust í kennsluáætlunum sem birtast á heimasíðu.

Reglulegt og gagnkvæmt samráð er haft um hegðun, samskipti og líðan nemenda með foreldrasamtölum.

4.2 Líðan nemenda

Vísbendingar um líðan nemenda koma fram í niðurstöðum nemendakönnunar Skólþúlsins. Í nemendakönnun skólaárið 2018-19 er ekki marktækur munur á svörum nemenda Víðistaðaskóla og annarra þátttökuskóla er varða líðan og einelti. Í foreldrakönnun sem gerð var fyrir ytra matið kemur fram að mikill meirihluti þeirra sem svöruðu er sammála fullyrðingunum *barninu mínu líður vel í skólanum*, *barninu mínu finnst það öruggt í skólastarfinu* og *barnið mitt nýtur sanngirni og virðingar í skólastarfinu*.

Víðistaðaskóli tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli, þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks.

4.3 Nemendalýðræði

Með lýðræðisþingunum er nemendum gefið tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri bæði hvað varðar nám, líðan og aðra þætti skólastarfsins. Í vettvangsathugunum sást hins vegar að hægt er að gefa lýðræðinu meira vægi í kennslustundum. Lítið var um samræður, val um verkefni eða samvinnu og nemendur settu sér ekki markmið.

Foreldrasamráð er reglulega en nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við nemendasamtöl og fram kom í rýnihópi kennara að misjafnt væri hvort slík samtöl færu fram. Fram kom í rýnihópi nemenda að misjafnt er eftir bekkjum hvort bekkjarfundir eru haldnir reglulega.

Í rýnihópum nemenda kom fram að í starfsstöðinni í Engidal væri nýbúið að gera endurbætur á skólalóðinni en að í starfsstöðinni við Víðistaðatún væri skólalóðinni ábótavant, þar væri lítið um leiktæki og vantaði rólur.

4.4 Verklagsreglur og áætlanir

Skólinn hefur mótað verklag til að bregðast við ofbeldi í formi eineltisáætlunar og forvarnaráætlun má einnig finna á heimasíðu skólans. Forvarnaráætlunin er ítarleg þar sem fram kemur hvað tekið er fyrir í hverjum árgangi fyrir sig en þá þætti er ekki að finna í kennsluáætlunum og ekki eru alltaf upplýsingar um þessa vinnu í skólanámskrá. Sem dæmi er fjallað um kynbundið ofbeldi, heilaskaða vegna ofbeldis, umferðafræðslu auk fræðslu um skaðsemi vímuefna í forvarnaráætlun í 10. bekk. Í kennsluáætlun um samfélagsfræði er ekkert fjallað um þessa þætti og engin kennsluáætlun í lífsleikni er á heimasíðu skólans. Í eineltisáætlun skólans er fjallað um stuðning við þá sem verða fyrir ofbeldinu. Ekki er að finna neinar upplýsingar um hvernig stuðningi við þá sem beita ofbeldinu er háttað.

Skólareglur eru unnar eftir SMT kerfinu og þar eru verkferlar varðandi agabrot sem unnið er eftir. Reglurnar eru sýnilegar bæði í kennslustofum og á heimasíðu skólans. Nemendur eru sérstaklega þjálfaðir í reglunum frá því í 1. bekk en á vettvangi var það sýnilegt að nemendur fóru í röð, klöppuðu þegar kennari klappaði til að fá athygli og gengu rólega um ganga skólans. Í umfjöllun um SMT á heimasíðu kemur fram að miðar eru notaðir til að styrkja jákvæða hegðun og einnig fá nemendur miða í tengslum við agabrot. Í agaferli og viðurlögum sem birt er á heimasíðu skólans kemur fram að uppbótavinna, réttindamissir og einvera séu meðal viðurlaga. Í reglugerð um ábyrgð og skyldur í skólasamfélaginu kemur fram að ávallt skuli stuðla að bættri hegðun, aukinni ábyrgð og að því að styrkja sjálfsmynd nemanda þegar hugað er að viðurlögum. Samkvæmt reglugerðinni er óheimilt að nota skráningarkerfi á þann hátt að uppsafnaðir refsipunktur leiði sjálfvirk til agaviðbragða. Í rýnihópi nemenda var talsverð umræða um miða sem nemendur fá þegar þeir brjóta af sér og kom fram að eftir þrjá slíka miða sé gripið til viðurlaga. Fram kom hjá nemendum að þeir fá einnig hrós miða þegar vel gengur en þeir miðar kallast álfar og eftir að bekkurinn hefur safnað ákveðnum fjölda álfa er haldin álfaveisla en í henni gera nemendur sér glaðan dag.

Lausnateymi er starfandi í skólanum en engar upplýsingar um það eru á heimasíðu skólans.

Styrkleikar:

- Skólabragurinn einkennist af jákvæðni, samvinnu, skuldbindingu og ábyrgð allra í skólasamfélaginu.
- Unnið er skipulega með gildi skólans.
- Í skólanum ríkir sameiginlegur skilningu á grunngildum og hvernig þeim er fylgt eftir.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir stefnu um jákvæðan skólabrag ásamt innleiðingu og leiðum til að viðhalda honum.
- Stjórnendur hafa forystu um aðgerðir til að viðhalda jákvæðum skólabrag.
- Samskipti milli starfsfólks, nemenda og foreldra einkennast almennt af virðingu og gagnkvæmu trausti.
- Reglulegt samráð er haft um hegðun, líðan og samskipti nemenda, til dæmis með foreldrafundum.
- Reglulega er lagt mat á líðan og samskipti nemenda í skólanum.
- Mikill meirihluti þátttakenda í foreldrakönnun eru sammála því að barninu sínu líði vel í skólanum, það njóti sanngirni og virðingar og finnst það öruggt.

- Skólinn tekur þátt í verkefninu Heilsuefandi skóli þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks.
- Á vettvangi sást að nemendur hafa almennt vinnufrið í kennslustundum.
- Áætlun gegn einelti hefur verið gerð sem samræmir forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum.
- Unnið er eftir verkferlum um viðbrögð við brotum á reglum skólans.
- Í eineltisáætlun er markvisst ferli varðandi stuðning við nemendur sem verða fyrir ofbeldi.
- Skólareglur eru sýnilegar á veggjum skólans og á heimasíðunni, í þeim er útskýrt hvernig skólinn bregst við brotum á skólareglum.
- Sérstakt slökunarherbergi er í skólanum sem bæði nemendur og starfsmenn hafa aðgang að.

Tækifæri til umbóta:

- Móta heildstæða stefnu um jákvæðan skólabrag fyrir starfsfólk á sama hátt og gert hefur verið fyrir nemendur.
- Bæta í skólanámskrá hvernig unnið er með skipulögðum hætti að því að efla tilfinningaþroska, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda og tengja það inn í lífsleiknina með kennsluáætlunum og markvissri kennslu í öllum árgöngum.
- Tryggja að lýðræði endurspeglar í kennsluháttum og virkni nemenda t.d. með aukinni áherslu á samræðu, samvinnu, val um verkefni og því að nemendur setji sér markmið.
- Æskilegt væri að hafa nemendasamtöl og fasta bekkjarfund til hvatningar og endurgjafar fyrir nemendur.
- Flétta þarf forvarnaráætlun skólans inn í skólastarfið með áætlunum um hvað taka eigi fyrir.
- Tryggja gerendum í eineltismálum viðeigandi stuðning og móta markvisst ferli fyrir það.
- Gæta þarf að því að viðurlög við skólareglum séu í samræmi við ákvæði í reglugerð, ýti undir bættu hegðun og styrki sjálfsmynd nemenda.
- Skoða hvort skipulag skólalóðar hvetji nemendur til hreyfingar og hvort auka þurfi úrval leiktækja.
- Setja fram upplýsingar á heimasíðu um lausnateymi og þá verkferla sem farið er eftir.